

# Lagaumhverfi

---

ÖRYGGI & UMhverfi – VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

# Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

---

## 12. Kafli – Vinnueftirlit ríkisins

Verkefni sem Vinnueftirliti ríkisins er ætlað að annast eru meðal annars að:

- a) hafa **eftirlit með framkvæmd laga** þessara,
- b) veita stofnunum, fyrirtækjum, félögum og starfsmönnum **ráðgjöf**,
- c) veita þeim starfsmönnum er starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., **leiðbeiningar** í störfum þeirra,
- d) **afla og viðhalda þekkingu** á tæknilegri og félagslegri þróun í þeim tilgangi að stuðla að því að efla öryggi og bæta hollustuhætti í starfsumhverfi,
- e) **fjalla um öryggisþætti í áætlunum** um vinnslu- og framleiðsluaðferðir, vinnustaði og tækni- og tækjabúnað,
- f) veita fræðslu og upplýsingar varðandi **hættur á vinnustöðum**, svo sem um **nýja tækni** og þekkingu sem stuðlað getur að umbótum á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum,
- g) stuðla að **forvörnum og heilsuvernd** á vinnustöðum,
- h) vinna að **rannsóknum** á sviði vinnuverndar,
- i) sjá um að haldin sé **skrá yfir hvers konar sjúkdóma**, andlega sem líkamlega, sem ætla má að eigi orsakir í starfsumhverfi, tíðni þeirra og útbreiðslu,
- j) sjá um að haldin sé skrá yfir tíðni vinnuslysa eftir starfsgreinum,
- k) annast markaðsgæslu og markaðseftirlit með vélum, tækjum og búnaði sem falla undir lög þessi,
- l) vinna önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra

# Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðum

---

## 12. Kafli – Vinnueftirlit ríkisins

- Atvinnurekandi skal **skrá öll slys sem eiga sér stað** á vinnustaðnum **og leiða til andláts eða óvinnufærni starfsmanns í einn eða fleiri daga**, auk þess dags sem slysið varð. Hið sama gildir um þá sjúkdóma sem atvinnurekandi hefur rökstuddan grun eða vitneskju um að eigi rætur sínar að rekja til starfsins eða annarra aðstæðna á vinnustaðnum. Einnig skal atvinnurekandi skrá óhöpp sem eiga sér stað á vinnustaðnum og eru til þess fallin að valda slysum.
- Vinnueftirlit ríkisins, þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., og þjónustuaðili, sbr. 66. gr. a, skulu hafa aðgang að skránni.
- Atvinnurekandi og þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. mgr. skulu fara með persónuupplýsingar úr skránni sem trúnaðarmál.
- Ráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um skráningu slysa, óhappa og sjúkdóma

# Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

---

## 12. Kafli – Vinnueftirlit ríkisins

- Atvinnurekandi **skal** án ástæðulausrar tafar **tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys** þar sem starfsmaður deyr eða **verður óvinnufær í einn eða fleiri daga**, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.
- Atvinnurekandi skal innan viku tilkynna skriflega um slysið til Vinnueftirlits ríkisins. Þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., og þjónustuaðili, sbr. 66. gr. a, skulu fá afhent afrit af tilkynningunni.
- **Læknir**, sem kemst að því eða fær grun um að starfsmaður eða hópur starfsmanna hafi **atvinnusjúkdóm**, atvinnutengdan sjúkdóm eða hafi orðið fyrir öðrum skaðlegum áhrifum vegna starfa sinna, **skal án ástæðulausrar tafar tilkynna það** til Vinnueftirlits ríkisins.
- Sjúkratryggingastofnunin skal senda Vinnueftirliti ríkisins afrit af tilkynningum um slys á vinnustöðum sem henni berast.
- Ráðherra setur nánari reglur um tilkynningu slysa að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins

# Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

---

## 12. Kafli – Vinnueftirlit ríkisins

- **Atvinnurekandi skal tilkynna** Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en innan sólarhrings um **öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að hvers konar hættuleg efni eða efnavörur geti valdið mengun**. Skal atvinnurekandi veita upplýsingar um aðstæður á slysstað, um hvers konar efni er að ræða og hvaða ráðstafana gripið hefur verið til eftir því sem frekast er unnt.
- Atvinnurekandi **skal innan viku tilkynna skriflega** um slysið eða óhappið til Vinnueftirlits ríkisins. Þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., og þjónustuaðili, sbr. 66. gr. a, skulu fá afhent afrit af tilkynningunni.
- Atvinnurekandi skal upplýsa þá starfsmenn sem er hætta búin eða fulltrúa þeirra án tafar um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að hættuleg efni og efnavörur geti valdið mengun.
- Vinnueftirlit ríkisins skal tilkynna Umhverfisstofnun um tilvik þar sem hætta er á að mengunin dreifist út fyrir vinnustaðinn.] <sup>1)</sup>

# Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

---

## 12. Kafli – Vinnueftirlit ríkisins

- Vinnueftirlit ríkisins skal fylgjast með að atvinnurekendur, er lög þessi taka til, stuðli að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi fyrir starfsmenn sína í starfi. Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu fara í eftirlitsheimsóknir inn í fyrirtækin til þess að sinna eftirlitshlutverki sínu og skal þeim veittur aðgangur að vinnustöðvum þeirra í þeim tilgangi. Skulu þeir enn fremur sinna markaðsgæslu og markaðseftirliti í eftirlitsheimsóknum sínum. Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu sýna skilríki um starf sitt.
- Í eftirlitsheimsóknum skulu starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins hafa samband við atvinnurekanda eða fulltrúa hans og þá aðila sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., og skulu þeir gefa allar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við eftirlitið. Enn fremur er starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins heimilt að krefja aðra starfsmenn sem eru í vinnu eða hafa verið í vinnu einhvern tíma síðustu þrjá mánuði um sömu upplýsingar.
- Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu hafa aðgang að skjölum eða öðrum gögnum sem eiga að vera fyrir hendi innan fyrirtækja samkvæmt lögum þessum.
- Starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins er heimilt að leita aðstoðar lögreglu við eftirlitið þegar slíkt gerist nauðsynlegt.
- Upplýsingar sem eiga að vera til á vinnustöðum samkvæmt lögum þessum, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins, fari stofnunin fram á það, og skulu þær vera skriflegar, hvort sem er á rafrænu formi eða á pappír. Sama gildir um upplýsingar sem tilkynna skal til Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt lögum þessum.

# Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðum

---

## 12. Kafli – Vinnueftirlit ríkisins

- Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins skulu halda skrá yfir eftirlitsheimsóknir sínar samkvæmt ákvæði þessu þar sem skráðar eru athugasemdir þeirra, bönn Vinnueftirlits ríkisins og önnur fyrirmæli og tilkynningar er varða vinnuskilyrði. Skal atvinnurekanda afhent afrit af þeim hluta skrárinnar er viðkemur starfsemi hans.
- Beini Vinnueftirlit ríkisins skriflegum fyrirmælum til atvinnurekanda um úrbætur á vinnustað ber viðkomandi atvinnurekanda eða fulltrúa hans að tilkynna stofnuninni formlega, svo sem bréflega eða með rafrænum hætti, þegar umræddum úrbótum er lokið á vinnustaðnum.
- Ráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um framkvæmd eftirlitsins. Enn fremur getur ráðherra ákveðið að tiltekin eftirlitsverkefni Vinnueftirlits ríkisins verði falin annarri opinberri stofnun eða faggiltum skoðunarstofum.
- Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins eru bundnir þagnarskyldu um allt er varðar umkvörtun til stofnunarinnar, þ.m.t. nafn þess sem beinir umkvörtun til stofnunarinnar, og helst þagnarskylda þeirra hvað þetta varðar eftir að þeir hætta störfum hjá stofnuninni.
  - Þrátt fyrir 2. mgr. er starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins heimilt í undantekningartilvikum að greina atvinnurekanda eða fulltrúa hans frá umkvörtun til stofnunarinnar þegar um er að ræða lögmætan tilgang og ekki er gengið lengra en nauðsynlegt er auk þess sem sá sem beindi umkvörtuninni til stofnunarinnar hefur veitt samþykki fyrir því

# Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

---

## 12. Kafli – Vinnueftirlit ríkisins

- Hafi Vinnueftirlit ríkisins krafist þess með hæfilegum fyrirvara, að lagfæring á vanbúnaði eða öðru ástandi, sem brýtur gegn lögum þessum eða reglum og tilkynningum, sem eru í samræmi við lögin, og umbætur hafa ekki verið gerðar, þegar frestur sá er liðinn, sem gefinn var, getur Vinnueftirlitið látið stöðva vinnu eða lokað starfsemi eða þeim hluta hennar, sem krafan beinist að.
- Telji Vinnueftirlitið að veruleg hættu sé á ferðum fyrir líf eða heilbrigði starfsmanna eða annarra, getur það krafist þess, að strax sé bætt úr skorti á nægjanlegu öryggi, eða látið hættu vinnu í þeim hluta starfseminnar, sem þannig er á sig kominn.
- Áfrýjun á ákvörðunum samkvæmt 84. gr. og 85. gr. frestar ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi eða hluta hennar.

# Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

## 12. Kafli – Vinnueftirlit ríkisins

- Ef atvinnurekanda eða starfsmönnum, sem falin hefur verið verkstjórn, öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf, sbr. 4., 5., 6., 13. og 23. gr., verður ljóst að skyndilega hafi upp komið bráð hættu á heilsutjóni eða vinnuslysum starfsmanna á vinnustað, svo sem vegna loftmengunar, eitraðra, eldfimra eða hættulegra efna, hættu á hruni jarðvegs, vörustæðu eða burðarvirkis, fallhættu, sprengihættu eða annarrar alvarlegrar hættu, er þeim skylt að hlutast til um að starfsemin verði stöðvuð strax og/eða að starfsfólk hverfi frá þeim stað þar sem hættuástand ríkir.
- Atvinnurekanda ber jafnframt að tryggja að starfsmenn geti sjálfir, ef öryggi þeirra eða annarra er stefnt í bráða hættu, gripið til viðeigandi ráðstafana til að komast hjá afleiðingum hættunnar þegar ekki er unnt að ná sambandi við yfirmann eða starfsmann sem falin hefur verið öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf.
- Aðgerðir skv. 1. eða 2. mgr. gera þá aðila sem þar greinir ekki ábyrga fyrir því tjóni sem fyrirtækið kann að verða fyrir vegna stöðvunar eða fráharfa starfsmanna af vinnustað þar sem hið bráða hættuástand var talið ríkja og er óheimilt að láta þá gjalda fyrir ákvörðun sína á nokkurn hátt.] <sup>1)</sup>
- Vinnueftirliti ríkisins skal gert aðvart svo fljótt sem verða má, og skal það umsvifalaust senda fulltrúa sinn á staðinn til að meta ástand og kringumstæður og til að úrskurða um hvort starfsemin skuli stöðvuð áfram, hafi hún verið stöðvuð, og um nauðsynlegar úrbætur, sem gera þarf til þess að starfsemin og vinnustaðurinn teljist hættulaus.

# Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

---

## 12. Kafli – Vinnueftirlit ríkisins

- Ef ákvæði laga þessara, eða reglna sem settar eru með stoð í þeim, eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði **dagsektir** þar til farið verður að henni.
- Aðila sem fyrirhuguð ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. beinist að skal veittur frestur til að koma að skriflegum athugasemdum áður en ákvörðun er tekin. Tilkynningu Vinnueftirlits ríkisins um fyrirhugaða ákvörðun um dagsektir skal fylgja skriflegur rökstuðningur.
- Ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. **skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt þeim aðila sem hún beinist að** eða fulltrúa hans og skal henni fylgja skriflegur rökstuðningur.
- Ákvörðun um dagsektir felur það í sér að sá aðili sem ákvörðunin beinist að skal greiða sekt fyrir hvern dag frá og með upphafi fyrsta virka dags eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina og er það tímamark jafnframt gjalddagi kröfunnar. Síðasti sektardagur skal vera sá dagur þegar bætt hefur verið úr annmörkum að mati Vinnueftirlits ríkisins.

# Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

---

## 12. Kafli – Vinnueftirlit ríkisins

- **Dagsektir geta numið allt að 1 millj. kr.** fyrir hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal m.a. líta til fjölda starfsmanna þess aðila sem ákvörðun beinist að, hversu aðkallandi úrbætur teljast og hversu umfangsmikill viðkomandi atvinnurekstur er.
- Dagsektir skulu renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu.
- Aðila er heimilt að kæra ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins um beitingu dagsekta til ráðuneytisins innan fjórtán daga frá því honum var tilkynnt um ákvörðunina. Ráðuneytið skal kveða upp úrskurð eins fljótt og unnt er og að jafnaði innan mánaðar frá því að kæra barst til úrskurðar.
- Ákvarðanir Vinnueftirlits ríkisins um dagsektir eru aðfararhæfar. Málskot til ráðuneytisins frestar aðför.
- Að öðru leyti fer um ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins um dagsektir samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

# Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

---

## 13. Kafli – Tilkynningarskylda fyrirtækja, veiting starfsleyfa og fleira

- Starfsemi merkir í lögum þessum skipulagða aðgerð eða framkvæmd, hvort sem um vinnustað samkvæmt 41. gr. er að ræða eða ekki.
- Fyrirtæki merkir í lögum þessum alla þá, sem reka starfsemi, hvort sem um er að ræða stofnanir, félagasamtök, einstaklinga eða aðra aðila. Um einstaklinga gildir einu, hvort þeir vinna einir eða hafa aðra í þjónustu sinni.
- Vinnueftirlit ríkisins skal halda skrá yfir þau fyrirtæki, sem lög þessi gilda um. Stofnunin hagnýtir sér í þessu efni þær skrár, sem tiltækar eru hjá [ríkisskattstjóra] <sup>1)</sup> og öðrum opinberum aðilum.
- Vinnueftirlit ríkisins hefur samvinnu um þessi mál við þá aðila, sem með lögum eða reglugerðum er falið að veita fyrirtækjum framleiðslu-, iðnaðar-, starfs- eða vinnsluleyfi, hverju nafni sem nefnast.
- Senda skal Vinnueftirliti ríkisins afrit af iðnaðarleyfum, sem lögreglustjórar láta af hendi samkvæmt [12. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978](#).

# Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

---

## 13. Kafli – Tilkynningarskylda fyrirtækja, veiting starfsleyfa og fleira

- Sérhver, sem ætlar að hefja rekstur fyrirtækis eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um það, hvort hin fyrirhugaða starfsemi sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta stofnuninni í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir húsakynni og fyrirkomulag véla, tækja og annars búnaðar og öðrum upplýsingum, sem máli kunna að skipta, eftir [fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.
- Hver sá, sem tekur að sér byggingu verksmiðja, verkstæða eða annars þess háttar, uppsetningu véla, tækja eða annars búnaðar, hverju nafni sem nefnist, skal vera ábyrgur gagnvart Vinnueftirliti ríkisins um, að öryggisbúnaður sé samkvæmt lögum þessum, gildandi reglum og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.
- Hver sá, sem hefur með höndum starfsemi, sem lög þessi gilda um, skal hafa sérstakt starfsleyfi Vinnueftirlits ríkisins til tryggingar því, að starfsemi fullnægi viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum snertir.
- Ráðherra setur nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um veitingu starfsleyfa og um gildistíma þeirra.

# Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

---

## 13. Kafli – Tilkynningarskylda fyrirtækja, veiting starfsleyfa og fleira

- Sérhver starfsemi, sem lög þessi ná til, skal tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins áður en hún hefst.
- Óheimilt er að hefja rekstur í fyrirtæki eða hluta fyrirtækis fyrr en eftirlitsmaður hefur gefið réttum aðilum vottorð um, að allur útbúnaður sé í fullu lagi og í samræmi við fyrirmæli forstjóra Vinnueftirlits ríkisins, að mati eftirlitsmannsins.
- Sé öðrum aðilum með lögum eða reglugerðum falið að veita fyrirtækjum framleiðslu-, iðnaðar-, starfs- eða vinnsluleyfi, hverju nafni sem nefnast, tekur starfsleyfi, sem Vinnueftirlit ríkisins gefur út, ekki gildi fyrr en viðkomandi fyrirtæki hefur aflað sér annarra tilskilinna leyfa.
- Heimilt er að kæra ákvarðanir Vinnueftirlits ríkisins til ráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Kæra telst nægjanlega snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist ráðuneytinu eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.
- Ráðuneytið skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.
- Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.
- Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.
- Sektir renna í ríkissjóð.

# Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

---

## Lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum

- Á vef alþingis er að finna lög um vinnustaðaskírteini.
  - <https://www.althingi.is/altext/stjt/2010.042.html>
- Þar er fjallað frekar um hver á að útvega skírteinin, eftirlit með þeim og tilheyrandi atriði.

# Heimildir

---

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum  
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1980046.html>

Vefur vinnueftirlitsins

<https://www.vinnueftirlit.is/log-reglur-og-stadlar/>

<https://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/ahaettumat/hjalgargogn-vid-ahaettumat/>